



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

10
06 20
22

Marianna spilar Grieg



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Myndabók Jónasar Hallgrímssonar 11'

Píanókonsert 30'

Eldur 9'

Ólafur Liljurós 26'

Veislan á Sólhaugum 14'

Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út á Rás 1 á 17. júní kl. 19:00.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

10|06

FÖSTUDAGUR
KL. 19:30

Marianna spilar Grieg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rumon Gamba
hljómsveitarstjóri

Marianna Shirinyan
einleikari

Efnisskrá

Páll Ísólfsson

Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar (1945)

- I. Forspil
- II. Mars
- III. Menúett
- IV. „Þjóðlag“
- V. Víkivaki I
- VI. Víkivaki II

Edvard Grieg

Píanókonsert í a-moll, op. 16 (1868)

- Allegro molto moderato
Adagio
Allegro moderato molto e marcato

Hlé

Jórunn Viðar

Eldur (1950)

Jórunn Viðar

Ólafur liljurós (1952)

Páll Ísólfsson

Veislan á Sólhaugum (1943)

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is



Rumon Gamba

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Enski hljómsveitarstjórinn Rumon Gamba (f. 1972) gegndi stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2002–2010 og hefur stýrt fjölda tónleika með sveitinni allar götur síðan.

Gamba gegndi stöðu aðalstjórnanda NorrlandsOperan í Svíþjóð á árunum 2008 – 2015, stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Álaborg 2011 – 2015 og var í janúar síðastliðnum skipaður aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulo.

Hann hefur komið fram með öllum helstu hljómsveitum Bretlandseyja sem gestastjórnandi auk þess sem hann hefur stýrt fjölda þekkra hljómsveita á meginlandi Evrópu og eru Fílharmóníusveitirnar í Rotterdam og Brussel, Konunglega sínfóníuhljómsveitin í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitin í Barcelona þeirra á meðal. Utan Evrópu hefur Gamba starfað með hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Melbourne og Sydney og Fílharmóníuhljómsveit New York.

Rumon Gamba hefur lagt sig eftir flutningi nýrra ópera og hljómsveitarverka. Hann stýrði frumflutningi óperu Nico Muhly, *Two Boys*, hjá Ensku þjóðaróperunni og Svíþjóðarfrumflutningi ópera eftir Poul Ruders og Mark-Anthony Turnage hjá NorrlandsOperan. Árið 2017 stýrði hann frumflutningi á verki eftir Michael Gordon ásamt kammersveitinni Bang on a Can og Æskuhljómsveit Proms-tónlistarháttarinnar.

Gamba er samningsbundinn Chandos-útgáfufyrirtækinu og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með Fílharmóníuhljómsveit breska ríkisútvarpsins. Einnig hefur hann tekið upp hljómdiska með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hafa þeir hlotið frábæra dóma og tilnefningu til Grammy-verðlaunanna.



Marianna Shirinyan

EINLEIKARI

Marianna Shirinyan er fædd í Yerevan í Armeníu árið 1978 en hefur verið búsett í Danmörku í tæp tuttugu ár. Hún hóf tónlistarnám sjö ára gömul í Yerevan, stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og útskrifaðist árið 2007 með láði frá Tónlistarháskólanum í Lübeck. Ári áður, 2006 vann Shirinyan til fimm verðlauna í hinni virtu alþjóðlegu tónlistarsamkeppni ARD International Music Competition í München en segja má að alþjóðlegur ferill hennar hafi hafist í kjölfar þessa magnaða árangurs.

Shirinyan hefur á ferli sínum komið fram með fjölda virtra hljóm-sveita, má þar nefna Fílharmoníusveitirnar í Osló, Helsinki og Kaupmannahöfn, Sinfóníuhljómsveitina í Gautaborg, Sinfóníuhljómsveitina í München, Sinfóníuhljómsveit BBC og Sinfóníuhljómsveitina í Bæjaralandi. Á meðal hljómsveitarstjóra sem hún hefur starfað með má nefna Zoltan Kocsis, Daniel Raiskin, Michael Balke, Lawrence Foster og Evu Ollikainen. Hún er eftirsóttur einleikari á ótal tónlistarhátíðum svo sem í Schleswig-Holstein, Schwetzingen Festspiele og Alþjóðlegu kammertónlistarhátíðinni í Risør.

Marianna Shirinyan hefur sent frá sér rómaða diska, sá nýjasti kom út í maí síðastliðnum hjá Orchid Classics en þar leikur hún píanósítur eftir rússneska tónskáldið Sergei Rachmaninov ásamt Dominik Wizjan. Af öðrum plötum má nefna útgáfur helgaðar tónlist dönsku tónskáldanna Leopold van der Pals (2020), Niels Gade (2017) og Louis Glass (2017), píanókonserta Mozarts með Sinfóníuhljómsveitinni í Óðinsvéum (2014) og píanókonserta Beethovens og Kuhlau með Fílharmoníusveitinni í Kaupmannahöfn (2012).

Shirinyan hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir leik sinn, má þar nefna menningarverðlaun DR, danska útvarpsins, og verðlaun danskra gagnrýnenda auk fjölda annarra. Hún hefur um árabíl setið í dómnefnd Grieg-keppninnar í Bergen og er próffessor í píanóleik við Tónlistarháskólann í Osló.

Þetta er í fyrsta skipti sem Marianna Shirinyan leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands en ekki í fyrsta sinn sem hún kemur fram héraendis. Árið 2015 kom hún fram á Reykjavík Midsummer Music, tónlistarhátíð Víkings Heiðars Ólafssonar í Hörpu. Þar lék hún á fjölda eftirminnilegra tónleika, meðal annars tónlist eftir Piazzolla, Schnittke, Schubert, John Adams og Liszt en afar eftirminnilegur er glæsilegur flutningur hennar á Dante-píanósónötu Franz Liszt sem Davíð Þór Jónsson brást svo við með innblásnum spunagaldri á Jónsmessutónleikum í Norðurljósum.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Páll Ísólfsson stýrði flutningi hljómsveitar þegar Myndabók Jónasar var frumsýnd í Trípólíbíói árið 1945. Tónlist Páls átti svo eftir að lifa góðu lífi á öldum ljósvakans en Bohdan Wodiczko og síðar Páll P. Pálsson stjórnðu Sinfóníuhljómsveitinni í hljóðritunum á leikhústónlistinni fyrir Ríkisútvarpið og þær hljóðritanir hafa verið mikið fluttar. Árið 1990 tók Þjóðleikhúsið Myndabók Jónasar til sýninga og setti upp hvort tveggja á Kjarvalsstöðum og á Litla sviði Þjóðleikhússins, hljóðfæraleikarar úr Kammersveit Reykjavíkur léku. Á sjötugsafmæli Sinfóníuhljómsveit Íslands, í mars 2020, lék sveitin fjóra þætti úr leikhústónlist Páls undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.


Páll Ísólfsson

ÚR MYNDABÓK JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR

Páll Ísólfsson (1893–1974) gegndi lykilhlutverki í mótun íslensks tónlistarlífs á 20. öldinni, sem dómorganisti, tónskáld og tónlistarforkólfur. Páll stundaði orgelleik og tónsmíðar í Leipzig í Þýskalandi. Heimkominn tók hann við stjórn Lúðrasveitar Reykjavíkur og gerðist svo fyrsti skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1930, tónlistarráðunautur Ríkisútvarpsins það sama ár, dómorganisti frá árinu 1939 og einn að hvatamönnum að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1950. Páll var virtur og eftirsóttur orgelleikari og naut alþjóðlegrar viðurkenningar sem slíkur. Sem tónskáld var Páll undir sterkum áhrifum af þýskri rómantík 19. aldarinnar; eftir hann liggja orgelverk, hljómsveitarverk, einleiksverk, einsöngslög, kórverk og tónlist fyrir leikhúsið.

Myndabók Jónasar Hallgrímssonar er leikhústónlist, samin fyrir sýningu sem sett var upp á Listamannapingi í Trípólíbíói 26. maí 1945, á hundrað ára ártíð skáldsins Jónasar. Sýningin byggði á ljóðum og sögum Jónasar Hallgrímssonar sem Halldór Laxness hafði valið til flutnings en leikstjórn var í höndum Lárusar Pálssonar. Rammi verksins er *Grasaferð Jónasar*, pilturinn segir systur sinni sögur og kvæði sem lifna við á sviðinu í meðförum leikhópsins þar sem saman fléttast skáldskapur, dans, látbragð, söngur og hljóðfæraleikur.

Leikhústónlist Páls er sett saman af sjö þáttum fyrir strengja-sveit auk tveggja sönglaga sem síðan hafa öðlast sjálfstætt líf; *Sáud þið hana systur mína* og *Kossavísur*. Tónlist Páls er létt og hrifandi í bland við þjóðlega og svolítið fornlega tóna, þar sem til dæmis má heyra notkun tónskáldsins á óreglulegum takti hinna íslensku rímnalaga.



Edvard Grieg

PÍANÓKONSERT Í A-MOLL

Píanókonsert Edwards Grieg (1843-1907) var frumfluttur í apríl 1869 fyrir troðfullum áheyrendasal Casino-leikhússins í Kaupmannahöfn. Það var eftirvænting í loftinu; í dönsku höfuðborginni hafði kvíast út að tónleikagestir mættu eiga eitthvað alveg sérstakt í vændum, nýtt, ferskt og frumlegt. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, strax að lokinni fyrstu einleikskadensunni brutust út gríðarleg fagnaðarlæti áheyrenda sem héldu áfram að láta hrifningu sína í ljós í lok hvers þáttar með bravóhrópum og lófataki!

Grieg var því miður fjarri góðu gamni umrætt kvöld vegna annarra tónlistarskuldbindinga heima í Noregi en konsertinn hafði hann lokið við ári áður. Hann var 26 ára gamall þegar hér var komið sögu, búsettur í Kristjaníu (nú Osló) ásamt eiginkonu sinni til tveggja ára, sópransöngkonunni Ninu Hagerup. Að baki voru mikilvæg mótunarár í bæði Leipzig og Kaupmannahöfn. Á árunum 1858 – 1862 nam Grieg við Konservatoríuna í Leipzig þaðan sem hann útskrifaðist með láði. Honum leiddist hins vegar skólinn, átti síðar eftir að tala um að námið hefði verið staglkennt, þurrt og ópersónulegt. Hvað sem því leið naut ungi tónsmíðaneminn blómlegs tónlistarlífsins í Weimar, þar sótti hann Wagner-óperur og kynntist nýrri tónlist í flutningi marga af eftirsóttustu einleikurum álfunnar.

Hafi námið í Leipzig verið niðurdrepandi kvað við nýjan tón í Kaupmannahöfn en þar settist Grieg að árið 1863 og dvaldi um þriggja ára skeið. Það var á þeim árum og í gegnum kynnin af norska tónskáldinu Rikard Nordraak sem heimur norskrar þjóðlagatónlistar tók að opnast tónskáldinu unga en Nordraak hvatti Grieg óspart áfram til að kanna þær lendur. Grieg lagðist í rannsóknir og grúsk á þjóðlagatónlist heimalandsins; hljómagangi og steffjaefni, blæbrigðum og takti, dönsnum, laglínunum, hljómi harðangursfiðlunnar og allt þetta varð honum innblástur og næring fyrir sitt persónulega og einstaka tónmál.

Veganestið frá Leipzig og Kaupmannahöfn má greina í píanó-konserti Griegs en þar renna á áhrifamikinn hátt saman þýsk rómantik og fersk og frumleg notkun á norskrri þjóðlagatónlist. Upphaf verksins þykir um margt minna á píanókonsert Róberts Schumanns sem var eitt þeirra verka sem Grieg fékk að kynnast

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveitin lék píanókonsert Griegs í fyrsta sinn á tónleikum árið 1951, þá ásamt Árna Kristjánssyni einleikara en síðan hefur konsertinn verið fluttur yfir tuttugu sínum af hljómsveitinni. Á meðal annarra sólista má nefna Evu Knardahl (1972), Emil Gilels (1978), Eddu Erlendsdóttur (1989), Leif Ove Andsnes (1993), Garrick Ohlsson (2013) og Nikolai Lugansky (2019). Píanókonsert Grieg var fyrsti einleikskonsertinn til að hljóma í Hörpu en Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleikshlutverkið ásamt Sinfóníuhljómsveitinni undir stjórn Vladimir Ashkenazy á vígslutónleikum Hörpu, 4. maí 2011.

á námsárunum í Leipzig, á tónleikum með Gewandhaus-hljóm-
sveitinni og Clóru Schumann. Báðir konsertarnir hefst með
hveli í hljómsveit áður en píanóleikarinn kveður sér hljóðs
með kraftmikilli og hnígandi einleiksstrófu, hljómsveitin kynnir
svo angurvært stef til sögunnar sem einleikarinn tekur undir í
glæsilegri úrvinnslu. Fleiri hliðstæður má greina í konsertun-
um tveimur, bæði eru verkin til dæmis í a-moll en sérkennin
í konserti Griegs eru engu að síðu mun fleiri, ævintýrlegur
danschrynur og sérstætt tónmálið. Strax í upphafstöktum ein-
leikarans hljómar stef sem einkennist af hnígandi lítilli tvíund
og stórrí þríund, tónasamsetning sem má heyra í fjölmörgum
seinni verkum Grieg og er stundum nefnt Grieg-mótívið byggir
á norskri þjóðlagahefð og í lokapættinum má heyra kraftmikinn
danstaktinn úr norskum Halling-þjóðdönsum.

Þótt píanókonsertinum hafi verið tekið með kostum og kynjum
í Kaupmannahöfn árið 1869 og farið sigurför um Evrópu og
Bandaríkin strax í kjölfarið átti Grieg eftir að fínþússa, breyta og
koma margsinnis að endurskoðun verksins með tilliti til blæ-
brigða og áferðar; skipta túbu í upphaflegri gerð út fyrir básúnu,
bæta tveimur frönskum hornum við þau tvö sem fyrir voru, láta
sellóum eftir draumkennt stef sem trompettar blésu í upphafs-
útgáfu verksins og fleira mætti tína til. Síðustu breytingarnar á
konsertinum gerði Grieg einungis örfáum vikum fyrir andlát sitt
1907 og rak þannig smiðshöggið á þá endanlegu útgáfu píanó-
konsertins sem við þekkjum nú.

Grieg átti ekki eftir að semja fleiri einleikskonserta eða stór sin-
fónísk verk um ævina. Hans sjálfstæða og persónulega tónmál
tók á hinn bóginn að streyma áfram í litríkum tónaljóðum fyrir
leikhúsið og meistaralega meitluðum, ljóðrænum smáverkum
fyrir píanóið. Sjálfur orðaði Grieg það á þann veg að í stað há-
reistra helgidóma og hofa sem Bach og Beethoven hefðu reist í
tónlist sinni hefði hann viljað skapa notaleg hýbýli þar sem fólk
væri glatt og sælt og liði eins og heima hjá sér. Og kannski megi
segja að fyrsti og eini píanókonsert norska tónskáldsins sameini
einmitt þetta tvennt –hlýju, nánd og innileika í tilkomumiklum
glæsileika.



Jórunn Viðar

ELDUR

Tónskáldið og píanóleikarinn Jórunn Viðar (1918–2017) var eitt merkasta tónskáld Þjóðarinnar á 20. öld og frumkvöðull á sviði íslenskrar kvikmynda- og danstónlistar. Jórunn nam fyrst tónlist hjá móður sinni Katrínu Viðar, þá Páli Ísólffssyni og Árna Kristjánssyni áður en hún hélt utan í nám til Berlínar og New York. Heimkomin starfaði Jórunn sem píanóleikari, kennari og tónskáld, hélt fjölmarga tónleika og kom ótal sinnum fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eftir Jórunni liggja hljómsveitarverk, einleiksverk, kammerverk, fjölmörg lög fyrir einsöngvara og kóra sem og útsetningar á Þjóðlögum og þulum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Eldur hefur verið reglulega verið fluttur af Sinfóníuhljómsveit Íslands á undanförunum árum en á meðal hljómsveitarstjóra sem hafa stýrt verkinu má nefna Evu Ollikainen (2019), Daníel Bjarnason (2018), Hallfríði Ólafsdóttur (2014) og Petri Sakari (2008). Árið 2003 gaf Smekkleysa út plötuna Mansöng sem tileinkuð er tónlist Jórunnar en þar hljómar Eldur í túlkun Sí undir stjórn Petter Sundkvist í hljóðritun frá árinu 1989. Eldur hefur einnig verið fluttur af Sinfóníuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur árið 2018. Félagar úr nýstofnaðri Sinfóníuhljómsveit Íslands frumfluttu verkið undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar í Þjóðleikhúsinu í maí 1950.

Hið blæbrigðaríka og heillandi hljómsveitarverk **Eldur** er samið við samnefndan ballett Sigríðar Ármanns sem var frumsýndur í nývígðu Þjóðleikhúsi í maí 1950 á Listamannapingi. Þetta var merkisviðburður, í fyrsta sinn var sýndur ballett við frumsamda íslenska tónlist auk þess sem hér var á ferð fyrsta hljómsveitarverk íslenskrar konu. Fram komu dansarar úr Félagi íslenskra listdansara og úr nýstofnaðri Sinfóníuhljómsveit Íslands en stjórnandi var Róbert Abraham Ottósson. Í verkinu má heyrja lýsingar á logandi eldi, kraumandi glæðum og einmana loga sem blossomar svo aftur upp.

Eldur var hluti af viðamikilli tónlistar- og dansdagskrá sem fram fór þetta maíkvöld í Þjóðleikhúsinu en ljóst má vera af viðtökum að frumflutningur þessa nýja balletts var atriðið sem mesta eftirtekt vakti líkt og Bjarni Guðmundsson skrifaði um í dómi í Morgunblaðinu í maí 1950.

„Loks var sá þátturinn, sem mesta eftirvæntingu hafði vakið, „Eldur“, frumsamið ballettverk eftir Jórunni Viðar, dansað af fyrri hópnum undir stjórn og forystu Sigríðar Ármanns. Ballettmúsík frá Jórunnar er ákaflega skemmtileg og áheyrileg, hið vandaðasta verk, sem lýsir miklum hæfileikum og kunnáttu. Var öll frammistaða dansmeistarara, dansmeyjum, tónskáldi og hljómstjóra til mikils sóma, enda hlutu öll verðskuldaðan fögnuð leikhúsgesta í þáttarlok.“

Jórunn Viðar

ÓLAFUR LILJURÓS

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Róbert Abraham Ottósson stýrði flutningi hljómsveitar þegar Ólafur Liljurós var sýndur í lðnó árið 1952 og árið 1997 stýrði Peter Schuyler Philipps verkinu í hljóðriti sem kom út á plötunni Mansöngur (2003). Sinfóníu-hljómsveit Norðurlands flutti svo verkið í fyrsta sinn opinberlega á tónleikum en það var í Hofi árið 2018 og stýrði Hallfríður Ólafsdóttir flutningi.

Tveimur árum eftir að *Eldur* var frumfluttur í Þjóðleikhúsinu leit annað samstarfsverkefni Jórunnar og Sigríðar Ármanns dagsins ljós, **Ólafur Liljurós** sem var sýnt í lðnó sem hluti af metnaðarfullri dagskrá Leikfélags Reykjavíkur árið 1952 en tefft var saman glænýjum ballett fyrir hlé og glænýrri óperu, *Miðlin-um* eftir Menotti eftir hlé.

Ólafur Liljurós byggir á sagnakvæðinu gamla og segir af samskiptum Ólafs og álfameyjanna sem reyna að tæla hann inn í björgin. Ólafur hinn kristni þýðist ekki álfkonurnar og kallar því yfir sig sinn eigin dauðdaga. Jórunn miðlar sögunni á litríkan og dramatískan hátt en þegar verkið kom út á plötu hjá Smekkleysu árið 2003 var rætt við tónskáldið í skemmtilegu viðtali í Morgunblaðinu. Þar dró Jórunn upp eftirfarandi mynd af sögusviði og tónmáli:

„Verkið hefst á því að álfarnir standa fyrir utan hamarinn. Það er vetrarkvöld og tungsljós og stirnir á hjarnið og Ólafur kemur riðandi og bindur hestinn við staur. Þarna er tónlist við hópans. Svo kemur út hin fyrsta álfamær og þar með fyrsti sólóðansarinn. Sú var ekki Kristi kær. Hún var hundheiðin og það þarf ég að reyna að túlka með tónlistinni. Hún reynir við Ólaf og það gengur ekki því hann er kristinn maður. Þá hverfur hún á braut og hópdansinn heldur áfram. Þá kemur út önnur, sem heldur á silfurkönnu. Hvernig týpa er það? Um það verð ég að hugsa þegar ég sem tónlistina við hana og ég skal viðurkenna að ég geri hana dálítið erótíska. Hún er sjálfsagt með vín í könnunni... Og þannig koma þær hver af annari.

Það sem ég varð að gera var að finna réttu tónlistina til að túlka þessar ólíku manngerðir. Þannig er tónlistin táknmál tónskáldsins og hans tjáningarform til að klæða hugsanir sínar í einhvern búning. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir hlusta á þetta verk, en hafa ekki dansinn fyrir augunum. Hafa söguna um Ólaf Liljurós í huga, því annars skilja þeir hvorki upp né niður í þessu“.

Páll Ísólfsson

VEISLAN Á SÓLHAUGUM

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Leikhústónlist Páls Ísólfssonar við Veisluna á Sólhaugum hefur ekki verið flutt áður opinberlega af Sinfóníuhljómsveit Íslands en á sjöunda áratugnum hljóðritaði sveitin leikhústónlistina undir stjórn Bohdan Wodiszko fyrir Ríkisútvarpið og hefur sú hljóðritun mikið verið leikin á öldum ljósvakans. Það var Hljómsveit Reykjavíkur sem lék tónlistina við frumflutning verksins undir stjórn tónskáldsins Páls Ísólfssonar.

Tónlistina við **Veisluna á Sólhaugum** samdi Páll Ísólfsson árið 1943 fyrir uppfærslu Norræna félagsins í lðno á samnefndu leikriti Henriks Ibsen. Um leikstjórn sá hin dáða stórleikkona Gerd Grieg sem var hér á vegum norsku útlagastjórnarinnar í London. Gerd Grieg (gift skáldinu Nordahl Grieg sem var fjar-skyldur frændi tónskáldsins) leikstýrði og lék í fjölda leiksýninga hérlandis á dögum seinni heimsstyrjaldar, flestar eftir Ibsen og Björnson en sýningarnar höfðu mikil áhrif á íslenskt leikhúslíf, báru með sér ferskan andblæ og alþjóðleg viðmið.

Veislan á Sólhaugum var frumsýnd 17. maí 1943, á þjóðhátíðardegi Norðmanna og í skugga hernáms nasista en allur ágóði rann til Noregssöfnunar. Frumsýningin hefur verið tilfinningaþrungin, tilkomumikil og virðuleg frá upphafi til enda að því segir í einu bæjarblaðinu, hrifning áheyrenda mikil og lófatakið náði hámarki í lokin þegar leikstjórinn, frú Grieg, kom inn á leiksviðið með norska fánann. Þá var hrópað ferfalt húrra fyrir Noregi.

Það varð mál manna að **Veislan á Sólhaugum** væri ein allra íburðarmesta og glæsilegasta sýning sem sést hefði á fjöllum íslensks leikhús, leikmynd, búningar og umgjörð öll mun tilkomumeiri en íslenskir leikhúsgestir áttu að venjast. Tónlist Páls átti stóran þátt í vinsældum verksins en hann stýrði hljómsveitinni á sýningum. Tónlist Páls grípandi og björt, með viðeigandi þjóðlegum blæ en sögusvið leikritsins er Noregur á 14.öld þar sem þjóðvísur, þjóðsögur og ævintýri gegna stóru hlutverki.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir



Nýtt og spennandi starfsár handan við hornið

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands veturinn 2022-23 verður kynnt innan skamms, en hún er bæði fjölbreytt og spennandi. Upphafstónleikar nýs starfsárs þann 8. september gefa tóninn fyrir það sem á eftir kemur, en þar leikur hinn heimsþekkti píanóleikari Daniil Trifonov fjórða píanókonsert Beethovens með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra SÍ, sem einnig stjórnar Egmont-forleik Beethovens, Íslandsfrumflutningi á nýju verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, og sjöundu sífóníu Sibeliusar. Trifonov fylgir svo konsertinum eftir með einleikstónleikum í Eldborg laugardagskvöldið 10. september. Það er því óhætt að leyfa sér að byrja að hlakka til.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Himnesk matarupplifun
www.konsulatdiningroom.is



Notalegt, ferskt og fallett
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is



Heil símfónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.



satt



SLIPPBARINN

10 06 20 22 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Lin Wei

2. fiðla

Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigrún Harðardóttir
Þórdís Stross
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Matthías Stefánsson
Hlín Erlendsdóttir

Víola

Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Łucja Koczot
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Ásdís Hildur Runólfsdóttir

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Páll Hannesson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjann Ingason
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Simen Fegran

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daniel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Vikingur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Halla Oddný Magnúsdóttir *listrænn ráðgjafi*
Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*
Dagrún Hálfðánardóttir *mannauðsstjóri*
Svanhvit Hrólfsdóttir *fjármálastjóri*
Kristín Björg Björnsdóttir *skjala- og skrifstofufulltrúi*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Hrafnhildur Árnadóttir *Hafstað umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsmaður*

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring